

Sp.

144. Nefndarálit

[1. mál]

um framlög til flótabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur eins og áður unnið að undirbúningi og tillögugerð um framlög ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga. Jafnframt hefur hún haft samvinnu við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, sem hefur samkv. venju aflað upplýsinga um rekstur og afkomu einstakra flóabáta og samgöngufyrirtækja. Nokkur hækkun hefur orðið á rekstrarkostnaði einstakra báta.

Flóabátaferðirnar hafa verið reknar með svipuðum hætti og undanfarin ár. En nefndin er sammála um, að nauðsyn beri til þess að endurskoða fyrirkomulag á ferðum einstakra báta. Í þessu sambandi má benda á það, að undanfarið hefur staðið yfir heildarathugun á samgöngum um Hvalfjörð. Er þeirri athugun enn ekki lokið. Hefur nefndin ekki komið hjá að hækka enn styrk til ferðanna milli Akra-ness og Reykjavíkur. Enn fremur hefur styrkur til Djúpbátsins hækkað um svipaða upphæð. Að öðru leyti hafa framlög til bátanna lítið hækkað. Hins vegar er fjölgað nokkuð styrkjum til snjóþjófleiða, aðallega á Austurlandi.

Um rekstarafkomu hinna einstöku flóabáta vill samvinnunefndin taka eftir-ferandi fram:

Norðurlandssamgöngur.

Norðurlandsbáturinn „Drangur“ heldur nú aðallega uppi vetrarferðum um far-svæði sitt. Þar sem akvegasamband hefur fyrir nokkru skapast við kaupstaðina Ólafsfjörð og Siglufjörð, þurfa þeir nú fyrst og fremst á ferðum bátsins að halda að vetrarlagi. En tekjur bátsins eru rýrar og reksturinn ýmsum erfiðleikum bundinn. Útgerðarmaður „Drangs“ sótti nú um óbreyttan rekstarstyrk, en fór fram á meðmæli samvinnunefndarinnar til endurnýjunar á ríkisábyrgð allt að 1.5 millj. kr. Barst nefndinni umsögn fjármálaráðuneytisins um þessa beiðni, þar sem mælt var með því, að ábyrgðin yrði veitt. Féllst nefndin á það og mun flytja um það sér-staka breytingartillögu við fjárlagafrumvarpið. En útgerðarmaður „Drangs“ hefur í hyggja að lengja bátinn um ca. 4 metra og telur, að hann verði við það allmiklu rekstrarhæfari en ella.

Þá er lagt til, að styrkur til Strandabáts verði óbreyttur. En þessi bátur ann-ast farþega- og póstflutninga milli Hólmanvíkur, Djúpavíkur og Gjögsurs í Árnes-hreppi. Er gert ráð fyrir, að styrknum verði framvegis varið í samráði við sýslu-nefnd Strandasýslu og þá fyrst og fremst haft í huga að tryggja vetrarsamgöngur við nyrsta hrepp sýslunnar, Árneshrepp.

Styrkur til Haganesvíkurbáts fellur nú niður. Hefur raunar ekki verið um rekstur neins báts þar að ræða síðustu árin, en styrkurinn notaður til þess að greiða niður flutningskostnað á vörum til bænda í Fljótum.

Styrkur til flugferða til Grímseyjar hækkar verulega eða úr 80 þús. í 200 þús. kr. Hefur verið erfiðleikum bundið að tryggja flugsamgöngur við eyna með þeim styrk, sem veittur var til þeirra á fjárlögum yfirstandandi árs. Taldi nefndin óhjá-kvæmilegt að styðja Grímseyinga til umbóta á flugsamgöngum sínum og leggur því til, að styrkurinn til þessara samgangna verði hækkaður um 120 þúsund. Gera menn sér þá vonir um, að hægt verði að fá Tryggva Helgason flugmann á Akureyri til þess að taka upp aftur áætlunarflug til Grímseyjar. En hann lét af áætlunarflugi þangað í lok maí s.l. Þá mun Norðurlandsbáturinn Drangur einnig halda uppi ferðum til Grímseyjar.

Styrkur til Flateyjarbáts á Skjálfanda lækkar um 10 þús. kr. En ferðum þess báts er, eins og kunnugt er, aðeins haldið uppi að sumarlagi, þegar fólk dvelur í eygni.

Til snjóþífreidar í Dalvíkurlæknishéraði eru veittar 65 þús. kr., og er það 15 þús. kr. hækkun frá því, sem var á yfirstandandi ári.

Austfjarðasamgöngur.

Á Austfjarðasamgöngum hefur lítil breyting orðið. Lagt er til, að styrkur til Mjóafjarðarbáts hækki um 15 þús. kr. og verði 235 þús. kr.

Notkun snjóþífreida fer nú mjög í vöxt á Austfjörðum. Á fjárlögum yfirstandandi árs var rekstur tveggja snjóþífreida á Austurlandi styrktur samkv. tillögu samvinnunefndar samgöngumála. Voru það snjóþífreidarnar á Fjarðarheiði og Fagradal. Leggur nefndin nú til, að styrkur til snjóþífreidarinnar á Fjarðarheiði hækki upp í 280 þús. kr. eða um 80 þús. kr. Hefur þetta samgöngutæki reynzt vera líftaug Seyðfirðinga, þegar snjóþungt er þar á veturnum. Lagt er til, að snjóþífreidin á Fagradal fái óbreyttan rekstrarstyrk. Þá er lagt til, að teknir verði upp þrjár smástyrkir til nýrra snjóþífreida á Austfjörðum. Er það í fyrsta lagi til snjóþífreidar, sem annast ferðir milli Eskifjarðar og Neskaupstaðar um Oddsskarð. Leggur nefndin til, að þeim rekstri verði veittur 100 þús. kr. styrkur. Þá er einnig lagt til, að snjóþífreid læknishéraðanna á Fljótsdalshéraði verði veittur 75 þús. kr. styrkur, og loks, að 65 þús. kr. styrkur verði veittur til ferða snjóþífreidar milli Borgarfjarðar og Egilsstaða. Er talið, að brýna nauðsyn beri til að auka notkun snjóþífreida þar eystra, en þær hafa reynzt þar mjög vel á undanförunum árum.

Suðurlandssamgöngur.

Haldið er áfram að veita styrki vegna vöruflutninga til hinna hafnlausu héraða í Skaftafellssýslu. Leggur nefndin til, að til vöruflutninga á Suðurlandi, þ. e. a. s. til byggðarlaganna í Vestur-Skaftafellssýslu, verði nú veittur 800 þús. kr. styrkur. Er það 50 þús. kr. hækkun frá því, sem er á fjárlögum yfirstandandi árs. Styrkur vegna vöruflutninga til Örnefa helzt óbreyttur. Enn fremur styrkur til vatnadreka við Skeiðará.

Loks er lagt til, að styrkur til Vestmannaeyjabáts vegna mjólkurflutninga verði 440 þús. kr., eða óbreyttur frá fjárlögum þessa árs.

Faxaflóasamgöngur.

Rekstur „Akraþorgar“, sem heldur uppi ferðum milli Akraness og Reykjavíkur, hefur enn sem fyrr reynzt erfiður. Sú skipulagsbreyting að láta skipið hefja ferðir frá Akranesi er þó talin hafa gefizt vel. Alldýr flokkun fór fram á skipinu á þessu ári. Sótti útgerðarstjórnin um óbreyttan rekstrarstyrk, en það um 500 þús. kr. framlag vegna flokkunarinnar. Féllst nefndin á að leggja til, að styrkurinn til skipsins yrði hækkaður um 400 þús. kr. vegna viðgerðarinnar.

Sú skoðun ríkti í nefndinni, að óhjákvæmilegt væri að hraða þeirri athugun, sem staðið hefur yfir undanfarið á samgöngum umhverfis Hvalfjörð.

Lagt er til, að styrkur til Mýrabáts verði óbreyttur.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Samvinnunefndin leggur til, að rekstrarstyrkur til Flateyjarbáts á Breiðafirði verði á næsta ári 475 þús. kr. eða hinn sami og á yfirstandandi ári. Verkefni þessa báts verður stöðugt minna frá ári til árs, eftir því sem fólki fækkar í austurhluta Barðastrandarsýslu. En ferðir bátsins eru engu að síður óhjákvæmilegar. Hann verður að halda uppi samgöngum milli Breiðafjarðareyja og enn fremur byggðarlaganna í Austur-Barðastrandarsýslu, sem mörg eru akvegasambandslaus meginhluta vetrar.

Styrkur til vetrarflutninga yfir Kleifaheiði leggur nefndin til að verði óbreyttur. En vonir standa til þess, að þegar gerður hefur verið nýr upphleyptur vegur yfir Kleifaheiði, þá verði hægt að fella þennan styrk niður.

Lagt er til, að rekstrarstyrkur til Stykkishólmsbátsins „Baldurs“ verði óbreyttur. En forráðamenn bátsins hafa nú í hyggju að lengja hann nokkuð, og er gert ráð fyrir, að kostnaðurinn við þá framkvæmd muni nema um eða yfir 2 millj. kr. Var þess farið á leit, að samvinnunefnd samgöngumála mælti með því, að ríkisábyrgð yrði veitt fyrir lánnum vegna þeirra framkvæmda. Félst nefndin á að verða við þeirri beiðni og mun flytja sérstaka breytingartillögu við heildagrein fjárlaga af því tilefni.

Þá er lagt til, að rekstrarstyrkur til Langeyjarnesbáts verði óbreyttur. Hins vegar er lagt til að veita 50 þús. kr. styrk vegna viðgerðar á bátinum.

Vestfjarðasamgöngur.

Djúpbáturinn h/f á Ísafirði heldur sem fyrr uppi ferðum um Ísafjarðardjúp og til kaupúnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Hafa flutningar á farsvæði bátsins stöðugt verið að dragast saman, aðallega vegna minnkandi mjólkurframleiðslu hin síðustu ár. En báturinn gegnir mjög mikilvægu verkefni, þar sem vegasamband er ekki milli Ísafjarðarkaupstaðar og sveitanna í Djúpinu, og akvegasamband rofnar einnig við byggðarlögin í Vestur-Ísafjarðarsýslu yfir vetrarmánuðina, um lengri eða skemmri tíma. Stjórnendur bátsins telja sig nú þurfa á verulegri styrkhækkun að halda. Félst nefndin á að leggja til, að styrkurinn til Djúpbátsins skyldi hækkaður um 400 þús. kr.

Rekstrarstyrkur til ferða snjóbífreiðar yfir Botnsheiði lækkar um 50 þús. kr. Óbreyttir eru rekstrarstyrkir til Dýrafjarðarbáts, Patreksfjarðarbáts og Skötufjarðarbáts.

Samkvæmt framansögðu leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að heildarfjárveiting til flóabáta og vöruflutninga verði á árinu 1970 14 910 þús. kr. Er það 1290 þús. kr. herra en á árinu 1968.

Nefndin leggur til, að heildarfjárhæðin skiptist þannig:

1. Norðurlandsbáturinn „Drangur“	2000 þús. kr.
2. Til Strandaferða	110 — —
3. Hríseyjarbátur	100 — —
4. Grímsey, vegna flugferða	200 — —
5. Flateyjarbátur á Skjálfanda	80 — —
6. Til snjóbífreiðar í Dalvíkurlæknishéraði	65 — —
7. Mjóafjarðarbátur	235 — —
8. Til snjóbífreiðar á Fjarðarheiði	280 — —
9. Til snjóbífreiðar á Fagradal	90 — —
10. Til snjóbífreiðar á Oddsskarði	100 — —
11. Til snjóbífreiðar læknishéraðanna á Fljótsdalshéraði	75 — —
12. Til ferða snjóbífreiðar milli Borgarfjarðar og Egilsstaða	65 — —
13. Til vöruflutninga á Suðurlandi	800 — —
14. Til vöruflutninga til Öraefa	80 — —
15. Til vatnadreka við Skeiðará	40 — —
16. Vestmannaeyjabátur vegna mjólkurflutninga	440 — —
17. H.f. Skallagrímur — „Akraborg“	3500 — —
18. Mýrabátur	15 — —
19. Flateyjarbátur á Breiðafirði	475 — —
20. Til vetrarflutninga yfir Kleifaheiði	150 — —
21. Stykkishólmsbátur — „Baldur“	3100 — —
22. Langeyjarnesbátur	135 — —
Sami — vegna viðgerðar	50 — —

23. Djúpbátur — „Fagranes“	2500 þús. kr.
24. Til snjóþífreiddar á Botnsheiði	100 — —
25. Dýrafjarðarbátur	60 — —
26. Patreksfjarðarbátur	35 — —
27. Skötufjarðarbátur	30 — —

Samtals 14 910 þús. kr.

Alþingi, 3. des. 1969.

Sigurður Bjarnason, form. Nd.-nefndar, frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr. Nd.-nefndar.	Jón Árm. Héðinsson, form. Ed.-nefndar
Jón Árnason, fundaskr. Ed.-nefndar.	Jónas G. Rafnar.	Friðjón Þórðarson.
Sigurvin Einarsson.	Guðl. Gíslason.	Páll Þorsteinsson.
Hannibal Valdimarsson.	Karl Guðjónsson.	Steingrímur Pálsson.
Ásgeir Bjarnason.	Ragnar Jónsson.	